

Ed.

389. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir 3. efnismálgrein kemur ný málgrein, er svo hljóðar:
Allar ákvarðanir um verðjöfnunargjald og aðrar ráðstafanir um tekjur til verðjöfnunarsjóðs (sbr. t. d. næstu málgrein hér að framan) skal þegar í stað tilkynna nefnd þeirri, sem ákveður útsöluverð mjólkurinnar samkv. 4. gr. laganna. Telji sú nefnd þessar ákvarðanir líklegar til þess, að útsöluverð muni breytast af þeim sökum, skal hún þegar tilkynna það mjólkursölunefnd. Haldi mjólkursölunefnd samt fast við þessa ákvörðun, skal málið sent bæjarstjórn eða bæjarstjórnnum hlutaðeigandi kaupstaða (sbr. 4. gr. laganna).
2. Við 2. gr. Á eftir 2. gr. kemur ný grein, er svo hljóðar:
Við fyrri málgrein 4. gr. laganna bætist: Ekki skal útsöluverð á mjólk ákveðið eða því breytt fyrr en hlutaðeigandi bæjarstjórn hefir verið gefinn kostur á því að segja álit sitt um það (sbr. 2. gr. laganna).
3. Við 3. gr. Í stað „3000 lítra“ kemur: 2500 lítra.